

FORSPIL

Heyr mína bæn
(Mario Panzeri/Ólafur Gaukur)

BÆN

Í bljúgri bæn

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verði þú æ drottinn minn

Bandarískt hjóðlag/Pétur Þórarinnsson

RITNINGARLESTUR

Óbyggðirnar kalla / Kóngur einn dag

Magnús Eiríksson

GUÐSPJALL

Rósin

Undir háu hamra belti
höfði drjúpir lítill rós.
Þráir lífsins vængja víddir
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristallstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Friðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson

MINNINGARORÐ

Heima

Hún rís úr sumarsænum
í silkimjúkum blænum
með fjöll í feldi grænum,
mín fagra Heimaey.
Við lífsins fögnuð fundum
á fyrstu bernskustundum,
er sólin hló á sundum
og sigldu himinfley.

Hér reri hann afi á árabát
og undi sér best á sjó,
en amma hafði á öldunni gát
og aflann úr fjörunni dró.

Er vindur lék í voðum
og vængir lyftu gnoðum,
þeir þutu beint hjá boðum
á blíðvinafund.
Og enn þeir fiskinn fanga
við Flúðir, Svið og Dranga,
þótt stormur strjúki vanga,
það stælir karlmanns lund.

Og allt var skini skartað
og skjól við móðurhjartað,
hér leið mín bernskan bjarta
við bjargfuglaklið.
Er vorið lagði að landi,
var líf í fjörusandi,
þá ríkti unaðsandi
í ætt við bárunið.

Þegar í fjarskann mig báturinn ber
og boðinn úr djúpi ris.
Eyjan mín kæra, ég óska hjá þér
að eigi ég faðmlögin vis.

Þótt löngum beri af leiðum
á lífsins vegi breiðum,
þá finnst á fornum eiðum
margt falið hjartamein.
En okkar æskufuna
við ættum þó að muna
á meðan öldur una
í ást við fjörustein.

Oddgeir Kristjánsson / Ási í Bæ

BÆN

Söknuður

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga því er verr.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur með blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Funduð stað, sameinað tveggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu is og myrkur jólin;
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn... .

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig alls staðar.
Þá napurt er, það næðir hér
og nístir mig.

FAÐIR VOR

Sumarmorgun á Heimaey

Yndislega Eyjan mín,
ó, hve þú ert morgunfögur!
Úðaslæðan óðum dvín,
eins og spegill hafið skín,
yfir blessuð björgin þín
breiðir sólin geislakögur.
Yndislega Eyjan mín,
ó, hve þú ert morgunfögur.

Sólu roðið sumarský
svífur yfir Helgafelli.
Fuglar byggja hreiður hlý,
himindöggin fersk og ný
glitrar blíðum geislum í,
glaðleg anga blóm á velli.
Sólu roðið sumarský
svífur yfir Helgafelli.

Yndislega Eyjan mín,
ó, hve þú ert morgunfögur!
Líti ég til lands mér skín
ljómafögur jöklasýn,
sveipar glóbhart geislalín
grund og dranga, sker og ögur.
Yndislega Eyjan mín,
ó, hve þú ert morgunfögur!

Sigurbjörn Sveinsson

MOLDUN

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína himinborna dís,
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítill börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyrir í fjarska villtan vængjaþyt
um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið englar Guðs í Paradís.


David Stefánsson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Góða nótt

(Oddgeir Kristjánsson/Ási í Bæ



Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug.

*Prestur: Sr. Guðmundur Örn Jónsson
Organisti: Kitty Kovács
Undirleikur: Einar Örn Jónsson
Einsöngur: Kristjana Stefánsdóttir, Ingólfur Þórarinsson*



Marta Sigurjónsdóttir

Fædd 5. febrúar 1936
Dáin 26. apríl 2021



Útför frá Landakirkju
fimmtudaginn 13. maí 2021